

Árið 2009 var fyrsta heila starfsár Breiðdalsseturs. Haustið 2008 var fyrsti hluti setursins, Jarðfræðisetur á Breiðdalsvík, opnað í Gamla kaupfélagshúsinu. En þá tók setrið á móti gögnum breska jarðfræðingsins George P. L. Walker. Gögn Walkers eru ómetanlegar heimildir og frumgögn um rannsóknir hans á hinum Austfirski jarðlagastafla, svo sem minnisbækur, skýrslur, teikningar, myndir, kort og margt fleira.

Mikil vinna hefur verið lögð í að fara í gegnum þessi gögn, flokka þau og skrá. M.a. hefur verið unnið að því að koma yfir á stafrænt form um 20 þúsund slides myndum. En þær myndir eru nákvæmlega skráðar og flokkaðar af hendi GPL Walker. Undirbúningur er jafnframt hafinn á því að endurvinna, skrá og uppfæra upp í stafrænan kortagrunn kortlagningu Walkers á hinum austfirski jarðlagastafla.

Á árinu 2009 var haldið áfram að byggja upp tengslanet vísinda- og fræðimanna sem hafa hug á því að koma til Austurlands til rannsókna eða með nemendum. Fyrstu jarðfræðinemendurnir komu til Breiðdalsvíkur í ágúst 2009 og dvöldu við rannsóknir sínar í um viku tíma. Skipulagning á þessum þætti starfsseminnar er á hendi Þorvalds Þórðarsonar prófessor í jarðfræði við Endiborgarháskóla. Síðla sumars dvaldi dr. Ian Gibson á Breiðdalsvík við rannsóknir sínar. En Ian var doktorsnemi George Walkers og tíman sem hann var á Breiðdalsvík nýtti hann til þess að skoða samsett hraun og samsetta ganga ásamt því að skoða nokkur lög af sambræddu túfflögunum á Austurlandi. Jafnframt var hann að leita að opnum í Skesstúffinu ásamt Þorvaldi Þórðarsyni og stúdentum frá háskólanum í Edinborg. Ian mun koma aftur næsta sumar og þá er fyrirhugað að vera með námstefnu um vinnu Walkers á Austurlandi, með innlendum og erlendum þátttakendum. Enda er ljóst að á Austurlandi af nógu að taka í jarðfræðinni og greinilega áhugi marga að byggja ofan á þann grunn sem dr. Walker lagði með kortlagningu sinni á jarðfræði Austurlands.

Breiðdalssetur mun halda áfram að vinna með miðlun upplýsinga um jarðfræði og steindir, til ferðamanna, fræðimanna og almennings. Fyrsta skrefið í þeirri vinnu var ráðstefna um jarðfræðitengda ferðapjónustu sem haldinn var í Reykjavík 5. febrúar sl, ráðstefnan var samvinnuverkefni jarðfræðisetursins á Breiðdalsvík, Vaxtasamnings Austurlands, Háskólasamfélags Suðurlands og Fræðasetra Háskóla Íslands.

Tveir sumarstarfsmenn voru ráðnir til Breiðdalsseturs og er þar um að ræða skólafólk frá Breiðdalsvík, úr háskóla annars vegar og framhaldsskóla hinsvegar. Síðla árs var gengið frá ráðningu forstöðumanns Breiðdalsseturs. Ráðin var María Christie Pálsdóttir, en María er viðskiptafræðingur að mennt og með M.Sc gráðu í alþjóðlegri ráðgjafastjórnun og stefnumótun frá Reading háskóla í Bretlandi.

Við uppbyggingu Breiðdalsseturs hefur verið keypt að ýmis sérfræðivinna. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að horfa til Austurlands í þeim efnum. Þó var hönnuður sóttur lengra, en meginástæða þess voru persónuleg kynni hans við GPL. Walker, en Guðrún Sigríður Haraldsdóttir hönnuður <http://www.inabundance.co.uk> hefur séð um heildarhönnun á öllu verkefninu og komið að þróun þess. Ingunn Þráinsdóttir grafískur hönnuður á Egilsstöðum hefur síðan sé um alla grafíska hönnun og ytri umgjörð. Sandra Mjöll Jónsdóttir frá Egilsstöðum og MA í ljósmyndun hefur séð um í skráningu á gögnum setursins og séð um skönnun á öllu efni þess. Jafnframt hefur Þórunn Hálfðanardóttir hjá Austurneti á Egilsstöðum unnið við hönnun og uppsetningu á vefsíðu

verkefnisins, en gert er ráð fyrir að heimasíða þess opni undir slóðinni [www.breiddalssetur.is](http://www.breiddalssetur.is) jafnframt munu slóðirnar [www.jarðfræði.is](http://www.jarðfræði.is) og [www.geology.is](http://www.geology.is) vísa beint inn á jarðfræðihluta verkefnisins.

Á vegum Breiddalsseturs er nú verið að útbúa sýningu um breiðdælingin Dr. Stefán Einarsson. En Stefán var kunnur málvísindamaður, er var alla sína starfsævi prófessor við John Hopkins háskóla í Baltimore. Gert er ráð fyrir að sú sýning verði opnuð um miðjan maí og unnið er að skipulagningu málþings í málvísindum sem haldið verður í tilefni af opnuninni.

17. júní nk. verður opnuð sýning þar sem saga kaupfélagshússins verður rakin og sú saga látin endurspeгла sögu atvinnu og byggðar á Breiðdalsvík. Enda er húsið það elsta í þorpinu og þorpið þróast í kringum það. Nýútskrifaður sagnfræðingur frá Breiðdalsvík hefur verið ráðinn til þessa að sjá um efnisöflun.

#### **Eftirtaldir meginatburðir voru á vegum Breiddalsseturs á árinu 2009:**

5. febrúar 2009: „Ísland á úthafshrygg.“ Jarðfræðisetrið á Breiðdalsvík stóð að fundi, í samstarfi við Vaxtasamning Austurlands, Stofnun Fræðasetra HÍ og Háskólasamfélags Suðurlands á Grand Hóteli Reykjavík. Verkefni fundarins var að skoða sameiginlega hagsmuni, og þá jafnframt kanna möguleika á sameiginlegri markaðssetningu í jarðfræðitengdri ferðaþjónustu.

8. apríl 2009 Myndlistarsýning Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur unnin upp úr gögnum dr. Stefáns Einarssonar.

17. júní 2009 “Þær saumuðu þegar amma var ung” Sýning á heimasaumuðum fatnaði úr Breiðdal.

29. nóvember 2009 Útgáfuhátíð og ljósmyndasýning í tilefni að ljóðabók Guðjóns Sveinssonar "Litir og ljóð úr Breiðdal"

Mikil áhersla verður áfram lögð á uppákomur ýmiskonar, til þess að undirstrika vilja og metnað aðstandenda til þess að starfssemin þróist í menningarstofnun sem sé lifandi fræða- og þekkingarsetur.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá starfsseminni á liðnu ári.